



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	8. fundur stjórnar KLÍ 2014-2015
Staðsetning:	Skrifstofa KLÍ
Hvenær:	Fimmtudaginn 9. apríl 2015 kl. 17:30
Þátttakendur:	Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMÞ) ÍR                      Formaður Höskuldur Þór Höskuldsson (HÞH) KR                      Varaformaður Jón Grímsson (JG) ÍR    Gjaldkeri Jóhann Ágúst Jóhannsson (JÁJ) ÍR                              Ritari Guðmundur Jóhann Kristófersson (GJK) ÍR                      2. varamaður Karenina Kristín Chiodo (KKC) ÍFH                              3. varamaður
Boðuð forföll:	Theódóra Ólafsdóttir (TÓ) KFR                              Meðstjórnandi
Fjarverandi:	
Fundarritari:	JÁJ

## Dagskrá fundar

Fundargerð .....	1
Staðfesting á fundargerð síðasta fundar .....	1
Breytingatillögur fyrir þing .....	1
Þing.....	3
Önnur mál.....	3
Dómur Dómstóls ÍSÍ í kæru KFR á stjórn KLÍ.....	3

## Fundargerð

### Staðfesting á fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 7. stjórnarfundar staðfest.

### Breytingatillögur fyrir þing

ÞMÞ nefnir að KR hafi ekki skilað inn formlega breytingatillögu sem fjallað hefur verið um á netinu varðandi öldungamót. HÞH nefnir að tillaga KR hafi verið í átt við það sem KFR skilar inn.

ÞMÞ fer yfir tillögur sem borist hafa.

Tillaga frá ÍR um búninga. Tillagan gengur út á og á aðallega við um lið innan sama félags að þegar þau eru að keppa sín á milli þá er stundum bæði lið í eins búning. Áhorfandi sér ekki hver er í hvaða liði svo glögg. Umræður um hversu langt þetta á að ganga. Spurning hvort félög og eða lið eigi að ákveða búningana. Einnig umræður um hvort þetta eigi eitthvað við eingöngu um 1. deildir. Vísað til formannafundar.

JG kallar eftir greinargerð frá ÍR vegna breytingatillagna.

## KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Tillaga ÍR varðandi félagakeppni. Vantar greinargerð með tillögu til að hægt sé að átta sig á henni. Vísað til formannafundar.

Tillaga ÍR varðandi deildarkeppni kvenna. ÞMP nefnir að það vanti inn að klára svona breytingar alla leið þ.e. t.d. að hægt sé að setja met í 3. manna liðum o.s.v.fr. Ljóst að ræða þarf við kvennfólkið í deildunum og fá uppl. um hver vilji þeirra er í þessu. Einnig hvort er að allar deildir séu með sama fyrirkomulag þ.e. 3 manna lið. ÞMP nefnir að þessar tillögur þurfa að fara á formenn KFR og ÍR, þar sem bæði félög eru með breytingatillögur um deildarkeppni karla og kvenna, og athuga hvort þeir getir samræmt tillögurnar.

JG nefnir hvort skoða þurfi reglur um fjarveruskor í neðri deildum þar sem bæði lið eru með blindan og stilla þeim á móti hvor öðrum.

Tillaga ÍR með deildarbikar liða. Sambærileg tillaga frá KFR. Senda þarf þetta á formenn og ræða hvort hægt sé að sameina tillögurnar. Einnig vantar greinargerð. ÞMP nefnir að lið hafa greitt þátttökugjald í Deildarbikar að fullu þar sem hann er ekki styrkhæfur. Með því að kalla þetta Íslandsmót þá er hætt við að framlag ÍBR étist hraðar niður með hættu á að annað falli út því styrkir eru ekki að hækka þótt annað mót bætist við.

Tillögur frá KFR

Bikarkeppni. Setja inn svokallað Roll off sem tíðkast erlendis í stað núverandi bráðabana. Engar athugasemdir og vísað til formannafundar.

Bikarkeppni. Tillaga að taka út heimaleikjaréttinn. JÁJ nefnir að taka verði með í reikninginn rétt neðri deilda sem t.d. eru á Skaganum eða Akureyri. Vísað til formannafundar.

Frestun viðureignar í bikarkeppni liða. Tillagan er að binda inn með fjölda leikmanna sem eru til taks. Vísað til formannafundar.

Reglugerð um meistarakeppni. Roll off fyrirkomulag. Vísað til formannafundar.

Reglugerð um deildarkeppni. Breyting á að festa 1. deild í 3 manna liðum og svo ítarlegri breytingartillaga um deildarkeppni kvenna. Sama og með tillögu ÍR þá þarf að samræma þessar tillögur, kanna betur viðhorf kvennkeilara.

Íslandsmót liða. 10. gr. með frestun viðureignar. GJK nefnir að ef lið er skipað 4 mönnum og einn býr erlendir og er orðinn virkur og svo veikist einn hér heima þá fær lið ekki frestur skv. þessu. ÞMP nefnir að þetta sé áhætta ef menn samþykkja með þessu.

Reglugerð um val á keilara ársins. Ítarleg breyting. ÞMP fer yfir hvernig fyrirkomulagið er í dag. JG nefnir að núverandi fyrirkomulag hafi farið í gegn um formannafund og þar voru allir sammála um fyrirkomulagið. Stjórnarmenn almennt á því að þetta sé ekki breyting til batnaðar. Vísað til formannafundar.

Reglugerð um deildarbikar. Tillaga um að breyta þessu í Íslandsmót í tvímenningi deildarliða. Vísað til formannafundar.

Reglugerð um Íslandsmót para. Roll off breyting. Vísað til formannafundar.

Reglugerð um Íslandsmót einstaklinga. Roll of breyting. Vísað til formannafundar.

Reglur um Íslandsmót í tvímenningi. Roll off breyting. Vísað til formannafundar.

Reglugerð um Íslandsmót öldunga. Breyting um fjölda leikja og svo Roll off fyrirkomulag. Vísað til formannafundar.

Reglugerð um Íslandsmót unglingsliða. Breyting um hlutkesti. Er í andstöðu við aðrar tillögur þar sem um Roll off er að ræða. Vísað til formannafundar með tillögu að Roll off komi í staðin.

Reglugerð um Íslandsmót unglingsliða. Almennt er að tala um Roll off nema í einhverjum tilvikum talað um hlutkesti. Vísað til formannafundar með tillögu um að Roll off sé á öllum stöðum.

Reglugerð um meistaraþing ungmenna. Þversögn í þessu þar sem fyrir segir: *Ef tveir eða fleiri eru jafnháir að pinnafalli skulu þeir skipta stigum.* Hvort á að gilda? Skipta stigum eða varpa hlutkesti. Þarf að skoðar nánar á formannafundi.

Reglugerð um Íslandsmót liða 17. gr. Skoða þarf þetta því það er ekki gefið að ef þessi staða kæmi upp að báðir leikmenn séu á sama stað á sama tíma. Lagt til að þetta verði ekki samþykkt þannig þar sem hún er í raun óframkvæmanleg t.d. ef tveir eru með hæsta leik og eru svo staddir á sitthvorum staðnum. Þeir þurfa skv. greininni að taka rímu til að skera úr um verðlaun fyrir hæðsta leik. Stríka mætti út, ef breytt er setninguna: *Séu lið jöfn að stigum eftir að keppni lýkur, skal hærra pinnafall ráða.*

Reglugerð um Íslandsmót liða 7. grein. Kemur inn á stigagjöf þ.e. að ekki fái 2 stig fyrir unnin leik. Vísað til formannafundar. Eins tillaga kemur frá ÍR.

Reglugerðarbreytingar frá ÍR vantaði inn þar sem verið er að leggja til breytingar á 1. deild karla, 1. deild kvenna og svo varðandi fjölda liða í deild þar sem ákveðin þversögn er í greininni.

### Þing

Á eftir að ákveða með starfsmenn þingsins. Þingforseti verður Hafsteinn Pálsson frá ÍSÍ. Sigmar Vilhjálmsson verður gestur og fær að ávarpa þingið. Það vantar ritara. Guðrún Soffía ÍR sá um ritun þings á síðasta ári og er fundur sammála um að leita aftur til hennar. Að öðrum kosti þarf að finna annan ritara. ÞMP fer í málið.

### Önnur mál

#### Dómur Dómstóls ÍSÍ í kærnu KFR á stjórn KLÍ

Rætt um að kærnan fékk sína meðhöndlun frá Dómstól ÍSÍ sem reyndar vísaði henni frá. Ekki talin endileg ástæða til að birta hann á vefnum en hugsanlega má koma fyrir tengli á síðuna ef staður finnst fyrir hann. Annars er mjög auðvelt að sjá hlekk á síðu ÍSÍ frá síðu KLÍ og þaðan á dómstólinn. Ákvörðun dómsins er annars ekki á vef dómstólsins.

Fundi slitið kl. 20:00